




SORPBRENNSLA ÁRNESI

Matsskyldufyrirspurn

17.09.2025



UPPLÝSINGAR

SKJALALYKILL

112370-FYS-001-V02

HÖFUNDUR

BRE

RÝNT

AJ/HH/ASK

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	4
2	FRAMKVÆMD OG FRAMKVÆMDARSVÆÐI	5
2.1	Staðhættir	5
2.2	Helstu upplýsingar um framkvæmd	7
2.2.1	Móttöku- og sorpbrennslustöð	7
2.2.2	Búnaður brennsluofna	8
2.2.3	Losun í loft	9
2.2.4	Brunaleifar	11
2.2.5	Mælingar og eftirlit	12
2.2.6	Orkunýting	12
2.2.7	Frárennsli	12
2.3	Leyfisveitingar	13
3	TENGSIL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR	14
3.1	Landsskipulagsstefna 2024-2038	14
3.2	Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029	14
3.3	Deiliskipulag	15
3.4	Vatnaáætlun Íslands	16
3.5	Áætlun um loftgæði á Íslandi 2018-2029	17
4	HELSTU UMHVERFISÁHRIF FRAMKVÆMDARINNAR	18
4.1	Matskylda framkvæmdar.	18
4.2	Umhverfispættir	20
4.3	Loft og mengun	21
4.4	Landnotkun og ásjúnd	21
4.5	Vatnsvernd	21
4.6	Áhrif á samfélag eru metin óverulega jákvæð.	22
4.7	Áhrif á aðra umhverfispætti sem ekki eru teknir til í matinu	22
4.8	Niðurstaða	22

1 INNGANGUR

Sveitarfélagið Skeiða- og Gnúpverjahreppur áformar uppbyggingu á sorpbrennslu í Árnosi. Stefnt er að því að setja upp tvo brennsluofna, annan fyrir sorp (blandaðan úrgang) og hinn fyrir dýrahæ. Brennslustöð kemur til með að brenna hvers konar heimilis- og rekstrarúrgangi sem flokkast ekki sem spilliefni og sem ekki má endurvinna eða endurnýja með öðrum hætti. Mikill landbúnaður er stundaður í sveitarfélaginu og kemur brennslustöðin einnig til með að brenna dýrahæ. Hámarks afkastageta brennslustöðvar í Árnosi (samanlögð úr báðum ofnum) kemur til með að nema um 400 tonnum á ári.

Stefna sveitarfélagsins er að stuðla að endurnýtingu og endurvinnslu í takt við hringrásarhagkerfið, draga úr myndun og urðun úrgangs eins og kostur er og stuðla að bestu mögulegu mengunarvörnum sem völ er á. Í Skeiða- og Gnúpverjahreppi búa í dag um 630 íbúar og miðað við magntölur sveitarfélagsins árið 2024 féllu um 175 tonn af almennu rusli og um 115 tonn af dýrahæjum (samaltals um 290 tonn). Með sorpbrennslustöð er horft til a.m.k. næstu 10 ára miðað við um 3-5% aukningu á sorpi í samræmi við áætlanir um fjölgun íbúa í sveitarfélaginu. Hingað til hefur sorp verið flutt af svæðinu til frekari meðhöndlunar og urðunar og því telur sveitarfélagið að með brennslustöð sé um miklar úrbætur að ræða sem draga mun úr óþarfa flutningi sorps. Fyrirhuguð brennsla kemur til með að vera staðsett inn á núverandi athafnar- og iðnaðarsvæði sem skilgreint hefur verið í aðalskipulagi sveitarfélagsins. Til greina kemur að staðsetja brennsluna innan lóðarinnar Tvísteinabraut 6 (L224438), sem skráð er 6.558 m² skv. HMS og er í eigu Skeiða- og Gnúpverjahrepps og er innan athafnarsvæðis sunnan við þéttbýlið í Árnosi. Í dag er móttökustöð sorps á þeirri lóð. Einnig kemur til greina að skipuleggja nýja lóð, um 950 metra frá núverandi móttökustöð sem er til staðar að Tvísteinabraut 6, sem yrði þá framtíðarstaðsetning móttökustöðvar sorps og fyrirhugaðra brennslustöðva. Endanleg staðsetning brennslu liggur ekki fyrir að svo stöddu en sveitarfélagið telur að áhrif af þeim báðum séu sambærilegar í umfangi og eðli sínu eins og greint er frá hér á eftir.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu til Skipulagsstofnunar samkvæmt tölulið 11.03 *Förgunarstöðvar þar sem úrgangur er brenndur, meðhöndlaður með efnum eða urðaður, utan þess sem tilgreint er í tölulið 11.02* í viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Óskar framkvæmdaraðili hér með eftir ákvörðun Skipulagsstofnunar um hvort framkvæmdin sé matsskyld skv. fyrirnefndum lögum.

2 FRAMKVÆMD OG FRAMKVÆMDARSVÆÐI

Sveitarfélagið Skeiða- og Gnúpverjahreppur áformar viðbætur við núverandi móttöku og geymslusvæðis sorps með uppsetningu á tveimur brennsluofnum, annar sérstaklega fyrir sorp og hinn sérstaklega fyrir dýrahæ. Löggjöf og stefnumótun í úrgangsmálum byggir að mestu á stefnumótun Evrópusambandsins sem leggur áherslu á að nýta lausnir í úrgangsmálum sem miða að því að hámarka nýtingu auðlinda. Stefna sveitarfélagsins er að byggja á hugmyndafræði um slíkt hringrásarhagkerfi, þar sem hagkerfið byggir á því að endurvinnna, endurnýta og lagfæra í stað þess að urða.

Hingað til hefur sorp frá sveitarfélaginu verið flutt í burtu til frekari meðhöndlunar og urðunar en sveitarfélagið vill vera sjálfbært í þeim málum. Brennsla á úrgangi á Íslandi hefur verið takmörkuð og er brennanlegur úrgangur fluttur í miklu mæli úr landi. Miklar framfarir hafa átt sér stað í tæknibúnaði til brennslu og mengunarvarnir í búnaði hafa stórauðist.¹ Nútímalegar brennslustöðvar, líkt og fyrirhuguð brennslustöð í Árnesi, byggja á bestu fánlegu tækni (BAT)² og uppfylla strangar kröfur um mengunarvarnir samkvæmt tilskipun ESB nr. 2010/75/EU og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Horft er til næstu 10 ára og því fyrirhugað að hægt verði að brenna samanlagt allt að 400 tonn af almennum úrgangi og dýrahæjum á ári. Árið 2024 var almennt sorp innan sveitarfélagsins um 175 tonn og um 115 tonn af dýrahæjum. Búast má við aukningu næstu ár, samfara spá um fólksfjöldun, sérstaklega hvað varðar almennt sorp en áætlað er að íbúafjöldi geti allt að tvöfaldast á næstu 10 árum miðað við húsnaðisáætlun Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Fyrirhugaðir brennsluofnar munu því sinna framtíðar þörf sveitarfélagsins u.þ.b. til næstu tíu ára. Matsfyrirspurn þessi miðar við árlega afkastagetu að hámarki 400 tonn á ári. Þegar reynsla er komin á reksturinn verður ákveðið hvort sótt verði um aukningu eða hvort umfram sorp verði flutt annað.

2.1 Staðhættir

Fyrirhugað er að annaðhvort nýta núverandi gámasvæði þar sem nú er móttaka á sorpi og úrgangi eða nýta nærliggjandi lóð undir stækkaða starfsemi. Á móttökustöðinni er nú tekið á móti almennum úrgangi, grófum úrgangi, málmum, pappa, plasti, brotajárni, gleri, lituðu og ólituðu timbri, garðúrgangi auk spilliefna, raftækja og öðru sem telst úrgangur frá heimilum og fyrirtækjum. Unnið verður að endurskipulagningu lóðarinnar til að rýma með öruggum hætti geymslusvæði undir sorp til brennslu ásamt brennsluofnum og byggingum fyrir þá.

Þéttbýlið Árnes er við Þjórsárdalsveg ofan við brúna yfir Kálfá. Þéttbýlissvæðið er um 102 ha að stærð. Í Árnesi er íbúðarbyggð, Þjórsárskóli, sundlaug og íþróttastaða, félagsheimili, stjórnsýsla sveitarfélagsins, verslun, veitingasala og tjaldsvæði. Einnig er ýmis konar atvinnustarfsemi sunnan Þjórsárdalsvegar. Þjórsárdalsvegur liggur í gegnum Árnes og er talsverð umferð um hann, einkum á sumrin. Einnig er fyrirhuguð gerð Búðafossvegar frá Árnesi yfir Þjórsá og á Landveg skammt frá bænum Minni-

¹ [Forverkefni um framtíðarlausn til meðhöndlunar brennanlegs úrgangs í stað urðunar, 2021](#)

² [Best Available Techniques \(BAT\) Reference Document for Waste Incineration](#)


Völlum. Með tilkomu vegarins verður umferð meiri og atvinnusvæði fyrir íbúa í Árnosi og nágrenni stækkar umtalsvert.

Fyrirhugað er að setja upp brennsluofna á iðnaðarsvæði sunnan við þéttbýlið á Árnosi. Aðkoma er frá Þjórsárdalsveg um Suðurbraut. Framkvæmdasvæðið er innan þéttbýlismarka Árness, innan athafnarsvæðis. Árnes, líkt og stór hluti sveitarfélags, er byggt á Þjórsárhrauni sem rann frá Bárðarbungu og er talið vera um 8.600 ára. Hraun er að mestu hulið gróðri og jarðvegi og fellur það því ekki undir 61. gr. laga um náttúruvernd. Svæðið er þegar byggt og engar vistgerðir sem njóta verndar eru innan lóðar. Svæðið er skilgreint sem mikilvægt fuglaverndunarsvæði líkt og stór hluti Suðurlandsundirlendisins.



Mynd 1 Yfirlitsmynd af svæðinu. Á myndinni má sjá núverandi staðsetningu móttökustöðvar að Tvísteinabraut 6 innan rauða hringsins. Á seinni myndinni má sjá mögulega nýja staðsetningu sorpmóttökustöðvar þar sem flötur 1 sýnir nýja staðsetningu og lína 2 mögulegan veg að lóðinni.

Hver geiri vindrósar sýnir tíðni vindáttar úr þeirri átt inn að miðju rósarinnar og byggir á lofthjúpsreikningum en ekki staðbundnum mælingum. Myndin sýnir vindhraða í 10 m hæð og hrýfi 0,03. Ríkjandi vindátt á svæðinu er norðausturleg átt, í átt frá byggðinni við svæðið.



Mynd 2 Ríkjandi vindátt við framkvæmdarsvæðið.

2.2 Helstu upplýsingar um framkvæmd

Sveitarfélagið Skeiða- og Gnúpverjahreppur undirbýr uppsetningu á rekstri nýrrar sorp- og dýrahraeja brennslu. Um leið verður móttöku- og flokkunarstöðin við Árnes endurskipulögð, m.a. til að koma fyrir móttökustöð sorps ásamt lekaheldu undirlagi fyrir geymslu á sorpi til brennslu, og brennsluofnunum sjálfum. Við uppsetningu brennslunnar verður notast við þau plön og mannvirki sem þegar eru til staðar á svæðinu eins og kostur er á en eftir atvikum þarf byggingu til að hýsa brennslustöð. Brennslan tekur fyrst og fremst á móti úrgangi sem ekki er hægt að endurvinna eða endurnýja. Eftir atvikum verður einnig hægt að brenna annan úrgang í samræmi við lög og reglugerðir sé það talið hagkvæmt. Hingað til hefur sorp verið flutt burt af svæðinu til urðunar með tilheyrandi flutningskostnaði og mengun sem því fylgir.

Brennslustöð kemur til með að brenna hvers konar heimilis- og rekstrarúrgangi sem flokkast ekki sem spilliefni og sem ekki má endurvinna eða endurnýja með öðrum hætti. Hingað til hefur sorp verið flutt út fyrir sveitarfélagið til frekari meðhöndlunar og urðunar. Með brennslu á almennu sorpi er hægt að draga úr magni þess úrgangs sem fer til urðunar og lágmarka losun mengunarefna með sorpbrennslu sem rekin er samkvæmt ströngum reglum og stöðlum. Brennslustöð mun einnig sjá um örugga eyðingu dýrahraeja, með því að brenna þau við háan hita til að tryggja niðurbrot allra skaðlegra efna og smitefna.

2.2.1 Móttöku- og sorpbrennslustöð

Eins og fram hefur komið mun nú sorpbrennslustöð byggjast upp á gámasvæði sunnan við þéttbýlið á Árnesi þar sem starfandi er móttöku- og flokkunarstöð fyrir sveitarfélagið. Unnið verður að endurskipulagi starfseminnar innan lóðarinnar til þess að hægt verði að halda áfram að bjóða upp á núverandi þjónustu samhliða því að byggja upp brennslustöð. Gert er ráð fyrir að hluti svæðis verði undir móttöku- og flokkunarstöð þar sem almenningur hefur aðgengi að á opnunartíma. Hluti svæðis verður lokað vinnusvæði þar sem úrgangur er meðhöndlaður og geymdur fyrir brennslu, s.s. í gámum eða steiptum efnishólfum. Sorpi verður safnað upp og flokkað á svæðinu eins og nú þegar er gert á Tvísteinabraut 6.

Með tilkomu brennslu má gera ráð fyrir að söfnun á almennu rusli á móttökusvæði verði ekki meiri að umfangi en í núverandi svæði. Í dag eru dýrahraejum safnað í tvo móttökugáma sem staðsettir eru á mismunandi stöðum í sveitarfélaginu. Algengt er að gámarnir séu losaðir á 3-5 vikna fresti og er töluverð lyktarmengun frá gámunum. Með tilkomu brennsluofnsins fyrir dýrahraeja verður brennt 1-3svar í viku, jafnóðum og dýrin skila sér til brennslu. Með því móti verður ekki lyktarmengun eins og staðan er í dag. Í fullum rekstri getur brennslan annað allt að 4. tonnum á dag af sorpi og 2. tonnum af dýrahraejum.

Brennslan á dýrahraejum fer þannig fram að dýrahraein eru sett í ofninn og brennsla sett af stað. Bruninn tekur um 12-14 klukkustundir. Brennslan á almennu rusli fer þannig fram að ofninn er settur í

gang að morgni og tekur um 1 klst. að ná upp fullu hitastigi til þess að ruslið verði orkugjafinn. Bætt er í ofninn yfir daginn, en miðað er við að brenna í 14-16 klukkustundir í einni umferð. Miðað við núverandi magn af sorpi má gera ráð fyrir að brennt verði 1-2 daga í viku.

Öll geymsla úrgangs fyrir brennslu verður á afgirtu svæði þar sem komið verður í veg fyrir fok á úrgangi og að lykt valdi óþægindum. Áhersla verður lögð á gengið sé frá olúbirgðum, olíuúrgangi, eiturefnum og öðrum hættulegum efnum þannig að ekki sé hætt á að þessi efni berist út í nærumhverfið, s.s. í jarðveg eða yfirborðs/grunnvatn. Á svæðinu er gert ráð fyrir rúmgóðum malbikuðum/steyptum plönnum með drenlögnum og olíugildrum svo ekki sé hætt á að olíur eða mengaðir vökvar berist út í jarðveg og grunnvatn.

Heimilt verður að nýta núverandi mannvirki undir starfseminum ásamt því að byggja við nauðsynleg húsnæði fyrir brennsluofna – allt að 300 m² innan lóðar.

2.2.2 Búnaður brennsluofna

Gert er ráð fyrir tveimur brennsluofnum innan móttöku- og sorpbrennslustöðvarinnar. Báðir brennsluofnarnir uppfylla þau skilyrði sem sett eru um meðhöndlun úrgangs skv. tilskipun Evrópusambandsins um úrgang 2008/98/EB, með síðari breytingum, sem gildir á Íslandi og hafa fengið fullnaðarvottun frá stjórnvöldum í Bretlandi þess efnis.

Fyrirhugað er að nýta brennsluofn af gerðinni Addfield G200 fyrir almennt sorp frá framleiðandanum Addfield Environmental Systems Ltd. Ofninn er ætlaður fyrir almennan úrgang, plast og umbúðir, grófan úrgang, heimilisúrgang o.fl. Fyrirhugað er að brenna aðeins þann úrgang sem ekki er hægt að endurvinna eða endurnýta með öðrum hætti. Brennsluofninn er útbúin hágæða eldvarnafóðri og einangrun sem gerir hann auðveldan og öruggan í úrgang. Sérstakt handfang er notað til að loka brennsluhólfinu til að auðvelda hleðslu úrgangs á öruggan hátt.

Ferlið felur í sér brennslu á lífrænum efnum úrgangsins sem breytir úrgangi í ösku, hita og gas. Askan sem fellur til við bruna samanstendur aðallega af lífrænum efnum sem síðan er fargað á viðurkenndan hátt. Reykgös sem myndast við bruna eru leidd í gegnum sérstakt eftirbrennsluhólf sem eyðir skaðlegum útblæstri og lyktarlaus gufa fer út um reykháf. Brennsla fer fram í tveimur aðskildum hólfum, með brennslugetu upp á 200 kg/klst. og hitastig í eftirbrennsluhólfi yfir 850°C með lágmarksdvalartíma upp á tveir sekúndur. Askan sem fellur til við bruna er um 3-4%. Möguleiki er að nýta varmann sem verður til við brunaferlið til að framleiða heitt vatn. Eins og stendur er nægilega mikið framboð af heitu vatni í sveitarfélaginu og ekki er fyrirhugað að nýta þennan eiginlega brennslunnar sem stendur. Möguleiki er að bæta við slíkum búnaði síðar verði þess þörf.

Gufan sem kemur út um reykháf, eftir eftirbrennsluhólfið, er síðan leidd í gegnum viðbótar mengunarvarnarbúnað, Ventury Filtration system, sem hreinsar mögulega agnir í útblástursloftinu sem gætu farið út úr eftirbrennsluhólfinu.

Brennsluofn fyrir dýrahæ er af gerðinni Addfield TB-AB sem ætlaður er fyrir brennslu á úrgangi frá landbúnaði, þar með talið dýrahæjum. Ofninn er sérstaklega ætlaður til að lágmarka eldneytisnotkun, með allt að 40% minni eldsneytisnotkun heldur en hefðbundnir ofnar. Líkt og brennslan á almennum

úrgangi þá fer brennsla á dýrahæjum fram í tveimur mismunandi brennsluhólfum. Askar sem fellur til við bruna er um 3% og eftirbrennsluhólf fer yfir 850 °C með lágmarksdvalartíma upp á tvær sekúndur.

Brennsluofnarnir geta verið settir saman í færanlegum gámaeiningum sem hægt er að færa til milli svæða komi til þess að breyta þurfi um staðsetningu. Við gangsetningu brennsluofnanna er notast við olíu og hafa þeir verið hannaðir til þess að hámarka nýtingu og minnka eldsneytisnotkun.

2.2.3 Losun í loft

Við bruna myndast koltvísýringur, en samsetning úrgangsins ákvarðar hversu mikil myndun á sér stað hverju sinni. Samsetning úrgangsins ræður einnig hvort um sé að ræða kolefnislosun frá lífrænum eða ólífrænum uppruna, fer það eftir hvort kolefnið sé úr jarðefnaeldsneyti eða hluti af lífrænni kolefnishringrás. Sem dæmi má nefna að losun við brennslu á vissum plastefnum er um 3,2 kg CO₂ ígili/kg hvort sem tekið er tillit til kolefnis frá lífrænum uppruna eða ekki, þar sem plast er unnið úr jarðefnaeldsneyti. Hins vegar fer losun á brennslu á viðarefni úr 1,6-1,7 kg CO₂ ígili/kg í 0,032-0,040 g CO₂ ígili/kg ef ekki er reiknað með kolefni frá lífrænum uppruna. Samkvæmt BREF þá getur koltvísýringur frá brennslustöðvum legið á bilinu 0,7-1,7 kg/kg.

Losun á gróðurhúsalofttegundum við brennslu á úrgangi er hlutfallslega lægri heldur en vegna urðunar á sama magni úrgangs. Sjá losunarstuðla Umhverfisstofnunar fyrir árið 2022 hér að neðan:

TAFLA 1 Losunarstuðlar árið 2022.³

FLOKKUR	LOSUN GRÓÐURHÚSA-LOFTTEGUNDA	EINING	ATHUGASEMDIR	HEIMILD
Blandaður úrgangur – til urðunar	1.104	t CO ₂ ig/t	Losun vegna úrgangs til urðunar er vegna þess metans sem ekki er safnað á urðunarstöðum.	IPCC Guidelines (2006), IPCC (2006) líkan til útreikninga á metanlosun, úrgangstöðfræði Umhverfisstofnunar (2022)
Blandaður úrgangur – til brennslu	0.684	t CO ₂ ig/t	Losun vegna úrgangs til brennslu er vegna koldíoxíðs (CO ₂), metans (CH ₄) og glaðlofts (N ₂ O) sem losnar við brunann. CO ₂ losun vegna lífmassa hefur nú þegar verið reiknuð á fyrri stigum lífsferilsins og þar með er sú CO ₂ losun ekki talin með við brunann. Hér er átt við brennslu án orkunýtingar sem er sú brennsluaðferð sem er notuð á Íslandi.	IPCC Guidelines (2006)

Koldíoxíð losnar einnig við brennslu á lífrænu efni, eins og við brennslu á dýrahæjum. Urðun lífræns úrgangs eins og dýrahæ veldur losun á metan sem er mun áhrifameiri gróðurhúsalofttegund heldur en koldíoxíð (eða um 28 sinnum öflugari).

Auk gróðurhúsalofttegunda er hægt að skipta losun frá brennslu á úrgangi í fjóra aðra megin flokka:

- Losun í föstu formi, þar á meðal rykagnir og þungmálmar sem fjarlægð er með síum,
- Súr gös, HCl, HF, SO₂ sem fjarlægð eru með efnafræðilegum íblöndunarefnum,
- Önnur gös, þá sérstaklega PCDD/PCDF,
- Aðrir mengunarþættir, til dæmis NO_x lágmarkað með afoxun í N₂ með SNCR/SCR.

³ [Losunarstuðlar Umhverfisstofnunar](#)

Í tilskipun Evrópusambandsins um losun frá iðnaði (2010/75/EU) koma fram kröfur sem gerðar eru til stórra iðnaðarmannvirkja til að forðast eða draga úr losun mengandi efna. Tilskipunin setur fram útblásturstakmarkanir fyrir tiltekna mengunarvalda. Tafla 1 sýnir losunarmörk og eftirlit mengunarefna í lofti skv. BREF auk losunarmarka sem tilgreind eru í IED.

TAFLA 2 Losunarmörk og eftirlit mengunarefna í lofti skv. BREF.^{4 5}

MÆLIÞÁTTUR	IED	BAT	MÆLINGARTÍMABIL
Ryk (mg/Nm ³)	10,00	2,00-5,00	Daglegt meðaltal
Cd/Tl (mg/Nm ³)	0,05	0,005-0,02	Meðaltal yfir sýntökutímabil
Sb/As/Pb/Cr/Co/Cu/Mn/Ni/V (mg/Nm ³)	0,01	0,01-0,30	Meðaltal yfir sýntökutímabil
HCl (mg/Nm ³)	2,00	2,00-6,00	Daglegt meðaltal
HF (mg/Nm ³)		<1	Daglegt meðaltal eða meðaltal yfir sýntökutímabil
SO ₂ (mg/Nm ³)	5,00	5,00-30,00	Daglegt meðaltal
NO _x (mg/Nm ³)	50,00	50,00-120,00	Daglegt meðaltal
CO (mg/Nm ³)	10,00	10,00-50,00	Daglegt meðaltal
NH ₃ (mg/Nm ³)	2,00	10,00-10,00	Daglegt meðaltal
TVOC (mg/Nm ³)	3,00	3,0-10,00	Daglegt meðaltal
PCDD/F (ng I-TEQ/Nm ³)	0,01	0,01-0,04	Meðaltal yfir sýntökutímabil
	0,01	0,01-0,06	Meðaltal yfir lengra sýntökutímabil
PCDD/F+PCB (ng WHO-TEQ/Nm ³)	0,01	0,01-0,06	Meðaltal yfir sýntökutímabil
	0,01	0,01-0,08	Meðaltal yfir lengra sýntökutímabil
Hg (mg/Nm ³)	0,005	0,005-0,020	Daglegt meðaltal eða meðaltal yfir sýntökutímabil
	0,001	0,001-0,010	Meðaltal yfir lengra sýntökutímabil

⁴ [Best Available Techniques \(BAT\) Reference Document for Waste Incineration](#)

⁵ [Tilskipun 2010/75/EU um losun frá iðnaði \(IED\)](#)

Brennsluofn fyrir blandaðan úrgang er undir þeim viðmiðunarmörkum sem tilgreind eru af Evrópusambandinu. Tafla 2 sýnir samanburður á viðmiðunarmörkum á Íslandi og meðaltölum fyrir brennsluofn af gerðinni Addfield G200.

TAFLA 3 Losunarmörk og meðallosun brennsluofns.

BREYTA (Á ½ KLST. AÐ MEÐALTALI)	LOSUNARMÖRK Á ÍSLANDI OG VIÐMIÐ ESB	MÆLD MEÐALLOSUN
Öskumyndun (e. total dust)	30 mg/m ³	12 mg/m ³
Brennisteinstvíoxíð (e. sulphur dioxide)	200 mg/m ³	2,4 mg/m ³
Köfnunarefnistvíoxíð (e. nitrogen dioxide)	400 mg/m ³	60 mg/m ³
Kolmónoxíð (e. carbon monoxide)	100 mg/m ³	78,3 mg/m ³

Brennsluofn sem einungis meðhöndlar dýraleifar fellur ekki undir gildissvið reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirliti (sbr. 6. mgr. 25. gr. reglugerðarinnar). Fyrirhugaður brennsluofn sem nota á í Árnesi er vottaður af stjórnvöldum í Bretlandi og staðfest hefur að verið að hann uppfyllir öll þau skilyrði sem sett eru í reglugerð Evrópusambandsins um eyðingu á dýraleifum. Þrátt fyrir að brennsla á dýraleifum sé undanskilin reglugerð nr. 550/2018 þá verður brennsla frá svæðinu vöktuð og mæld miðað við losunarmörk reglugerðarinnar og BREF. Brennsluofnar af þeirri stærð sem ætlaðir eru þarfnast starfsleyfis frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands. Í starfsleyfi verður nánar greint frá vöktun og eftirliti með losun frá brennslunni.

2.2.4 Brunaleifar

Fast efni sem fellur úr brennslunni er í formi botnösku og flugösku.

Botnaska

Myndun botnösku er almennt um 15-35% af upphaflegri þyngd úrgangsins skv. BAT en algengast er að hún sé um það bil 20%, það er að segja, um 200 kg af botnösku myndast fyrir hvert tonn af úrgangi sem brennur. Aska samanstendur að mestu leyti af steinefnum (80-90%) og málumum (10-12% stál og járnmaalmar, 2-5% aðrir, mest ál). Ýmis efni losna úr botnösku í frárennsli við botnöskuhreinsun þ.e. vothreinsun eða skolun. Þessi efni eru svifagnir, lífrænt kolefni, blý, ammóníum köfnunarefnissambönd, klóríð, súlföt og díoxín og fúran efni. Þessar tölur byggja á brennslustöðvum sem taka við blönduðum heimilisúrgangi. Framleiðandi telur að með réttri hreinsun og flokkun sorps er botnaska um 3% við brennslu í tilgreindum brennsluofnum. Sveitarfélagið leggur áherslu á góða flokkun fyrir brennslu, þar með talið á gleri, steinefnum, málumum o.s.fv. sem dregur þyngd massans sem situr eftir. Miðað við núverandi magntölur frá sveitarfélaginu og fyrirhugaða aukningu næstu ára, má áætla að árlega mun myndast á bilinu 5,25-12 tonn af botnösku – ef miðað er við brennslu á vel flokkuðu almennu sorpi. Eðli botnöskunnar sem myndast fer eftir gæði efnisins sem fer í brennslu. Ef vel er staðið að flokkun kemur botnaskan til með að flokkast sem óvirkt efni og kemur til með að vera urðuð sem slík skv. reglugerðum um urðun úrgangs nr. 738/2003. Uppfylli botnaskan ekki þau skilyrði sem þarf til að teljast sem óvirkur úrgangur verður farið með hana eins og spilliefni.

Flugaska

Flugaska flokkast sem spilliefni vegna innihalds þungmálma og díoxínefna. Magn flugösku er breytileg eftir samsetningu á úrgangi en nemur yfirleitt fáeinum prósentum. Ætla má að flugaska frá brennslu á almennum úrgangi verði um 2.5% og gæti því numið um 4,4 – 6,2 tonnum á ári.

Aska úr dýraleifum

Askan sem myndast við brennslu dýraleifa er ólífrænn hluti úrgangsins. Nota má öskuna til áburðar ef hún stenst þau skilyrði sem Matvælastofnun gerir um nýtingu efnis til áburðar. Framkvæma þarf mælingar á efnainnihaldi og samsetningu öskunnar. Sé askan þess eðlis að ekki sé hægt að nýta hana sem áburð skal henni fargað í samræmi við lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

2.2.5 Mælingar og eftirlit

Gert er ráð fyrir að í starfsleyfi verði nánar kveðið á um reglubundið eftirlit og vöktun með starfsemi stöðvarinnar. Sé grunur um að hætta sé á mengun verður starfsemi stöðvuð og unnið með viðeigandi eftirlitsaðilum að úrbótum.

2.2.6 Orkunýting

Díselolía kemur til með að vera notuð til að hita brennsluofna. Áætluð orkuþörf brennsluofnsins fyrir dýrahæ er um 100 lítrar fyrir hvert tonn af dýrahæjum. Olíu notkun fyrir brennsluofn á almennum sorpi er um 25-30 lítrar á klst fyrstu klukkustundina sem bruninn á sér stað, en í framhaldi af því minnkar olíunotkunin og með réttri blöndun á almennum sorpi verður sorpið orkugjafinn að mestu leyti. Orka sem myndast við brennsluna getur nýst við áframhaldandi brennslu og þannig dregið úr eldsneytisþörfinni.

Oft er orka frá brennslu nýtt til að framleiða rafmagn. Orka framleidd með slíkum hætti er þó ekki umhverfislega samkeppnishæf á íslenskum markaði. Losunarstuðull fyrir hverja kWh af orku sem framleidd er með brennslu á úrgangi er um 717 g af CO². Til samanburðar er sameiginlegur losunarstuðull fyrir raforku og varma framleidd á Íslandi um 9,8 CO² fyrir hverja kWh. Eins og staðan er í dag er ekki þörf til þess að nýta orkuna til að framleiða varma eða raforku en það mætti endurskoða í framtíðinni.

2.2.7 Frárennsli

Regnvatni af plönnum og þökum þar sem ekki er verið að meðhöndla mengandi efni verður leitt í gegnum sandföng og olíugildir. Afrennsli þaðan sem mengandi efni eru meðhöndluð verður veitt í setþró og/eða viðeigandi síubúnað, s.s. sand- og olíuskilju. Fráveita verður í lokuðu kerfi þannig hægt verði að fanga spilliefni.

Fráveita frá neysluvatni og salernisaðstöðu starfsmanna verður veitt í rotþró. Gengið verður frá affalli rotþróar skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Gerð og frágangur fráveitu verður skv. reglum heilbrigðiseftirlits.

2.3 Leyfisveitingar

Starfsemin er háð eftirfarandi leyfum:

- Byggingarleyfi sveitarfélagsins skv. lögum um mannvirki.
- Framkvæmdarleyfi sveitarfélagsins skv. skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdarleyfi.
- Starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

3 TENGL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

3.1 Landsskipulagsstefna 2024-2038

Í Landsskipulagsstefnu er sett fram samræmd stefna ríkisins um skipulagsmál sem byggir á þeirri framtíðarsýn „að skipulag stuðli að sjálfbærri þróun og lífsgæðum, styðji við samkeppnishæfni og sveigjanleika og stuðli að viðnámsþrótti gagnvart samfélagi og umhverfisbreytingum“.

Í stefnunni eru sett fram markmið um að vernd umhverfis og náttúru skuli stuðla að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu víðerna, landslags, náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni. Stuðla skal að almenntri velsæld samfélagsins og gæðum í hinu byggða umhverfi með jafnvægi í nýtingu lands í þéttbýli og dreifbýli þar sem vöxtur samfélaga gengur ekki um of á náttúrulegt umhverfi. Þá skal skipulag stuðla að samkeppnishæfu atvinnulífi með því að auka samkeppnishæfni samfélags og efla atvinnulíf með hagkvæmri uppbyggingu innviða og sjálfbærri nýtingu auðlinda.

3.2 Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029


Eins og fram hefur komið þá eru tvær lóðir í eigu sveitarfélagsins sem koma til greina fyrir nýja brennslustöð og eru þær skilgreindar sem athafnasvæði og iðnaðarsvæði.

Athafnasvæði:

NR	HEITI	LÝSING
AT1	Athafnasvæði í Árnosi	Athafnasvæði sunnan við Þjórsárdalsveg. Svæðið er deiliskipulagt fyrir 26 lóðir. Gert er ráð fyrir hreinlegri starfsemi. Stærð svæðis er um 16 ha.

Iðnaðarsvæði:

NR	HEITI	LÝSING
I13	Iðnaðarsvæði við Árnosi	Á svæðinu er gámasvæði. Hugmyndir eru um uppbyggingu tengda orkufrekari og hreinlegri starfsemi. Hús geta verið á 1-2 hæðum. Uppbyggingu svæðisins verður áfangaskipt. Stærð svæðisins er um 38 ha.



Mynd 3 Skjáskot af aðalskipulagsupprætti. Framkvæmdasvæðið er innan AT1.

3.3 Deiliskipulag

Í gildi er deiliskipulag Árnes og Réttarholt sem staðfest var í 02.10.2007, m. s. br. Svæðið er skilgreint sem gámasstöð og er um 6.547 m² að stærð.

Sérskilmálar um lóð: Geymslusvæði fyrir varning, gáma, sorpgáma, frystigáma, ýmis tæki o.s.frv. skulu vera innan byggingarreits og afgirt þannig að þau verði ekki sýnileg frá almennum umferðargötum og valdi almennt sem minnstri sjónmengun. Allt rusl og efnisafganga skal setja í söfnunargáma og tæmi þá eftir þörfum.

Mikilvægt er að áhrifamat vegna mögulegra áhrifa á vatn sé gert eins snemma í ferlinu og hægt er og getur sveitarfélagið sem leyfisveitandi óskað eftir nákvæmu áhrifamati af hálfu framkvæmdar- og rekstraraðila sé þess talin þörf. Ekki skal gefa út leyfi fyrir framkvæmd eða starfsemi sem leiðir til þess að umhverfismarkmið vatnshlotsins náist ekki.

Framkvæmdasvæðið er innan grunnvatnshlotsins Tungnaárhraun 103-308-G. Vatnshlotið er 1942.1 km² og með mikið grunnvatnsstreymi samkvæmt vatnavefsjá. Magnstaða og efnafræðilegt ástand er óþekkt. Umhverfismarkmið vatnshlotsins er að tryggja góða magnstöðu og gott efnafræðilegt ástand. Ekkert álag er skráð á vatnshlotið.

3.5 Áætlun um loftgæði á Íslandi 2018-2029

Hreint loft til framtíðar: áætlun um loftgæði á Íslandi 2018-2029 er unnin útfrá lögum nr. 144/2013 um breytingu á lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir sem innleiddi tilskipun 2008/50/EB um gæði andrúmslofts og hreinna loft í Evrópu. Almenn áætlun um loftgæði er gefin út í 12 ár í senn og gildir fyrir landið allt. Loftgæða áætlun tekur til þeirra þátta er varða loftgæði utandyra og að tryggt sé að víðtækt samráð verði við hlutaðeigandi stofnanir og haghafa við gerð hennar en mikilvægt er að stjórnvöld, atvinnulíf og almenningur séu samstíga í að viðhalda hreinu lofti og noti þessa áætlun sem tæki til að stuðla að loftgæðum og heilnæmu umhverfi á Íslandi.

4 HELSTU UMHVERFISÁHRIF FRAMKVÆMDARINNAR

4.1 Matskylda framkvæmdar.

Umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eru metin samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrif framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Samkvæmt tölulíð 11.02 í 1. viðauka laganna fellur þessi framkvæmd í flokk B og er því tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu.

Eftirfarandi töflur gefa yfirlit yfir hugtök sem notuð eru við mat á einkennum og vægi umhverfisáhrifa:

TAFLA 4.1 Skilgreiningar á einkennum umhverfisáhrifa.

EINKENNI ÁHRIFA	SKÝRING
Bein áhrif	Bein áhrif sem gera má ráð fyrir að framkvæmd muni hafa á tiltekna umhverfisþætti.
Óbein áhrif	Áhrif á umhverfisþætti sem ekki eru bein afleiðing framkvæmdar. Áhrifin geta komið fram í tiltekinni fjarlægð í tíma og/eða rúmi og verið afleiðing samspils mismunandi þátta sem þó má rekja til framkvæmdarinnar. Óbeinum áhrifum er einnig hægt að lýsa sem afleiddum áhrifum.
Jákvæð áhrif	Áhrifa framkvæmdar sem talin eru til bóta fyrir umhverfið á beinan eða óbeinan hátt eða auka umfang núverandi áhrifa að því marki að þau séu talin verða til bóta.
Neikvæð áhrif	Áhrif framkvæmdar sem talin eru skerða eða rýra gildi tiltekins eða tiltekinnna umhverfisþátta á beinan eða óbeinan hátt eða auka umfang núverandi áhrifa að því marki að þau valda ónæði, óþægindum, heilsutjóni eða auknu riski.
Varanleg áhrif	Áhrif sem talið er að framkvæmd muni hafa til frambúðar á tiltekna umhverfisþætti, þ.e. með tilliti til æviskeiðs núlifandi manna og komandi kynslóða.
Tímabundin áhrif	Áhrif sem talið er að framkvæmd muni hafa tímabundið á tiltekna umhverfisþætti, þ.e. í nokkrar vikur, mánuði eða ár.
Afturkræf áhrif	Áhrif framkvæmdar á tiltekna umhverfisþætti, sem líta má á að séu þess eðlis að áhrifanna hætti að gæta eftir tiltekinn tíma og að raunhæft sé eða unnt að gera ráð fyrir að hægt sé að færa í sama eða svipað horf og áður en kom til framkvæmda. Gera verður ráð fyrir að áhrifin séu afturkræf á a.m.k. tímaskala núlifandi manna en afturkræf áhrif geta einnig verið háð því að ummerki séu fjarlægð innan ákveðins tíma, t.d. ef um er að ræða áhrif á lífríki.
Óafturkræf áhrif	Áhrif sem í eðli sínu fela í sér að tilteknir umhverfisþættir verða fyrir varanlegri breytingu eða tjóni vegna framkvæmdar sem ekki er raunhæft eða unnt að afturkalla.
Samlegðaráhrif	Hér er hugtakið samlegðaráhrif bæði notað um svokölluð samvirk og sammögnuð áhrif, þ.e. um áhrif mismunandi þátta framkvæmdar sem hafa samanlagt tiltekin umhverfisáhrif eða sem jafnvel magnast upp yfir tiltekið tímabil. Þetta getur einnig varðað áhrif sem fleiri en ein framkvæmd hafa samanlagt eða sammagnað á tiltekinn umhverfisþátt eða tiltekið svæði.
Umtalsverð umhverfisáhrif	Veruleg óafturkræf umhverfisáhrif eða veruleg spjöll á umhverfinu sem ekki er hægt að fyrirbyggja eða bæta úr með mótvægisáðgerðum.

TAFLA 4.2 Hugtök yfir vægi áhrifa sem stuðst er við þegar mat er lagt á umhverfisáhrif framkvæmda.

VÆGI ÁHRIFA / VÆGISEINKUNN	SKÝRING
Veruleg jákvæð	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfispátt/-þætti bæta hag mikils fjölda fólks og/eða hafa jákvæð áhrif á umfangsmikið svæði. Sú breyting eða ávinningur sem hlýst af framkvæmdinni/áætluninni er oftast varanleg. Áhrifin eru oftast á svæðis-, lands- og/eða heimsvísu en geta einnig verið staðbundin. Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Talsverð jákvæð	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfispátt/-þætti taka ekki til umfangsmikils svæðis, en svæðið kann að vera viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrufars og fornminja. Áhrifin geta verið jákvæð fyrir svæðið og/eða geta verið jákvæð fyrir fjölda fólks. Áhrifin geta verið varanleg og í sumum tilfellum afturkræf. Áhrif geta verið stað-, svæðisbundin og/eða á landsvísu. Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Nokkuð jákvæð	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfispátt/-þætti taka ekki til umfangsmikils svæðis, og svæðið er ekki talið vera viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrufars og fornminja. Áhrifin geta verið jákvæð fyrir hluta svæðis og/eða fyrir takmarkaðan hóp fólks. Áhrifin geta verið varanleg og í sumum tilfellum afturkræf. Áhrifin eru að mestu stað-, og svæðisbundin. Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Óveruleg	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfispátt/-þætti eru minniháttar, með tilliti til umfangs svæðis og viðkvæmni þess fyrir breytingum, ásamt fjölda fólks sem verður fyrir áhrifum. Áhrifin eru í mörgum tilfellum tímabundin og að mestu afturkræf. Áhrif eru oftast stað-, eða svæðisbundin. Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Nokkuð neikvæð	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfispátt/-þætti taka ekki til umfangsmikils svæðis, og svæðið er ekki talið vera viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrufars og fornminja. Áhrifin geta verið neikvæð fyrir hluta svæðis og/eða fyrir takmarkaðan hóp fólks. Áhrifin geta verið varanleg og í sumum tilfellum óafturkræf. Áhrifin eru að mestu stað-, og svæðisbundin. Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.

VÆGI ÁHRIFA / VÆGISEINKUNN	SKÝRING
Talsverð neikvæð	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfispátt/-þætti taka ekki til umfangsmikils svæðis, en svæðið kann að vera viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrufars og fornminja. Áhrifin geta verið neikvæð fyrir svæðið og/eða geta valdið fjölda fólks ónæði eða óþægindum. Áhrifin geta verið varanleg og í sumum tilfellum óafturkræf. Áhrif geta verið stað-, svæðisbundin og/eða á landsvísu. Áhrifin geta að einhverju leyti verið í ósamræmi við ákvæði laga og reglugerða, almenna stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að.
Veruleg neikvæð	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfispátt/-þætti skerða umfangsmikið svæði og/eða svæði sem er viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrufars og fornminja, og/eða rýra hag mikils fjölda fólks. Sú breyting eða tjón sem hlýst af framkvæmdinni er oftast varanleg og yfirleitt óafturkræft. Áhrif eru oftast á svæðis-, lands- og/eða heimsvísu en geta einnig verið staðbundin. Áhrifin eru í ósamræmi við ákvæði laga og reglugerða, almenna stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Engin áhrif	Engin áhrif af framkvæmd eða áætlun á umhverfispátt/-þætti.
Óvissa	Ekki er vitað um eðli eða umfang umhverfisáhrifa á tiltekna umhverfisþætti, m.a. vegna skorts á upplýsingum, tæknilegra annmarka eða skorts á þekkingu. Það getur verið unnt að afla upplýsinga um áhrifin með frekari rannsóknum eða markvissri vöktun.

4.2 Umhverfisþættir

Framkvæmdin er talin hafa áhrif á eftirfarandi umhverfisþætti, bæði á framkvæmdartíma og rekstrartíma:

- Loft og mengun
- Landnotkun og ásýnd
- Vatnsvernd/vatnshlot
- Samfélag

4.3 Loft og mengun

Brennsla úrgangs getur hugsanlega leitt til loftmengunar. Hins vegar uppfyllir búnaður brennsluofnsins allar þær kröfur í reglugerðum Evrópusambandsins og í íslenskum. Notast verður við bestu fáanlegu tækni í brennslu og hreinsun sem byggir á margþrepa ferli sem tryggir að úrgangurinn sé brenndur nógu lengi við hátt hitastig þannig að komist verði hjá myndun skaðlegra gastegunda. Afgas er hreinsað með gashreinsibúnaði og losun í andrúmsloftið mun ekki fara yfir leyfð losunarmörk skv. lögum og reglugerðum eins og fjallað er um í kafla 2.2.3. Lágmarka má losun mengandi efna með vandlegri

flokkun úrgangs áður en til brennslu kemur. Brennslan hefst ekki nema búnaður hafi náð lágmarks hitastigi, og allur reykur verður hreinsaður bæði í for- og eftirbrennsluhólfi. Brennsla er vöktuð og stýrt á sjálfvirkan hátt til að tryggja hagkvæman og skilvirkan bruna hverju sinni. Mengunarefni í útblæstri verða vöktuð og rekstraraðili mun fylgjast með helstu umhverfispáttum í samræmi við losunarumfang.

Staðið verður að urðun á botn- og flugösku með viðeigandi hætti í samræmi við lög og reglugerðir. Öll flugaska er urðuð sem spilliefni og hvort botnaska sé talin óvirkur úrgangur eða ekki fer eftir spilliefni og málmum í efni sem fer til brennslu. Hægt er að takmarka umfang spilliefnis með góðum flokkunaraðferðum innan sveitarfélagsins. Ætla má að möguleg mengunarhætta og útblástur gróðurhúsalofttegunda sé minni vegna brennslu á úrgangi heldur en vegna urðunar. Áhrif á loftslagsmál eru því tiltölulega jákvæð þrátt fyrir að jarðefnaeldsneyti sé nýtt til að keyra brennslu.

Áhrif framkvæmdarinnar á loft og mengun eru talin óveruleg.

4.4 Landnotkun og ásynd

Starfsemi fer þegar fram á lóðinni og hafa mannvirki, vegir og gámar verið settir upp. Fyrirhugaðar viðbætur munu ekki koma til með breyta ásynd svæðis svo um muni og er verið að byggja upp innan þéttbýlis á þegar skilgreindu athafnar- og iðnaðarsvæði. Mannvirki og reykur munu vera sjáanleg frá nærliggjandi svæðum en meðal annars er talsverð íbúðar- og frístundarbyggð nálægt. Umfang starfseminnar er þess eðlis að ef í ljós kemur að hún sé til ama þá er hægt að færa brennsluofna með tiltölulega lítilli fyrirhöfn. Framkvæmdin er því að hluta til afturkræf og áhrif á landnotkun og ásynd metin óveruleg.

4.5 Vatnsvernd

Fyrirhuguð starfsemi hefur í för með sér mögulega hættu á mengun vegna frárennslis. Farið verður eftir viðeigandi lögum og reglugerðum er snúa að fráveitumálum og vatnsvernd, og talið ólíklegt að ástand vatnshlotsins Tungnaárhraun (103-308-G) rýrni eða að mikil hættu sé á mengun grunnvatns. Í starfsleyfi verða sett ákvæði um vöktun og viðbragðsáætlun komi upp grunur um mögulega mengun. Áhrif framkvæmdarinnar geta þó einnig verið jákvæð þar sem verið er að vinna að endurbótum á meðhöndlun sorps og takmarka það magn sem fer til urðunar annarsstaðar, með tilheyrandi möguleikum á mengun grunnvatns. Verði vart við mengun verður útrennsli frá lekaheldum svæðum stöðvað og gripið til viðeigandi ráðstafanna eftir eðli mengunar í samráði við eftirlitsstofnanir.

4.6 Áhrif á samfélag eru metin óverulega jákvæð.

Nú er dýrahraejum safnað í móttökugáma í sveitarfélaginu sem almennt eru losaðir á 3-5 vikna fresti og er töluverð lyktarmengun frá gámunum. Á rekstartíma mun framkvæmdaraðili vanda frágang á sorpi til að koma í veg fyrir fok og lyktarmengun. Brennsla á dýrahraejum mun eiga sér stað 1-3 daga í viku, jafnóðum og dýrin skila sér til brennslu, sem dregur enn frekar úr lyktarmengun. Ríkjandi vindáttir eru þess eðlis að lykt kemur ekki til með að ná til byggðar í þéttbýlinu. Þá er uppsetning brennsluofna þess háttar að auðvelt er að færa þá til og staðsetja m.t.t. ríkjandi vindátta og fjarlægðar frá byggð ef til lyktarmengunar kemur.

Áhrif á samfélag eru því metin óverulega jákvæð.

4.7 Áhrif á aðra umhverfispætti sem ekki eru teknir til í matinu

Áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar vegna sorpbrennslu á náttúrulegt umhverfi, s.s. vistgerðir, gróður og dýralíf eru óverulegar, sérstaklega í ljósi þess að svæðið er innan skilgreinds iðnaðarsvæðis, er þegar byggt og talsvert raskað. Gróður og vistgerðir í nágrenni verða ekki fyrir teljandi áhrifum. Ekki er gert ráð fyrir áhrifum á dýralíf. Engar menningar- og/eða náttúruminjar eru skráðar innan svæðisins og engar líkur á að framkvæmdir hafi áhrif á slíkar minjar.

4.8 Niðurstaða

Sveitarfélagið telur ekki líklegt að fyrirhuguð framkvæmd komi til að hafa umfangsmikil umhverfisáhrif í för með sér. Umfang starfseminnar er takmarkað, mengun frá starfseminni verður lítil, þ.m.t. lítil lyktarmengun, auk þess sem ríkjandi vindáttir liggja frá þéttbýlinu og önnur byggð er a.m.k. í 1 km fjarlægð. Auk þess sem auðvelt er að færa starfsemina til, gangi áform ekki fyllilega eftir. Verið er að vinna að miklum endurbótum á meðhöndlun sorps, úrgangs og dýrahæja í sveitarfélaginu og virki búnaður líkt og til er ætlast mun það draga mikið úr flutningi sorps sem til fellur innan sveitarfélagsins.